

Rýmingaráætlun fyrir Laugargerðisskóla

Ef brunaviðvörðunarkerfið gefur viðvörðun skal unnið eftir eftirfarandi rýmingaráætlun:

1. **Skólastjóri** eða staðgengill hans fer að stjórnstöflu brunaviðvörðunarkerfis og aðgætir hvaðan brunaboðin koma
2. **Kennarar** undirbúa rýmingu skólans og taka með nafnalista. Fara skal í skó og yfirhafnir ef aðstæður leyfa, athugið að kennarar bera ábyrgð á rýmingu sinnar stofu.
 - i. **Nemendur yfirgefa ekki kennslustofu fyrr en kennari hefur hefur kannað hvort útgönguleiðin er greið. Ætíð skal velja þann neyðarútgang sem er næstur.**
3. **Skólastjóri eða staðgengill hans hefur samband við112**, tilkynnir um eld eða gefur skýringar á brunaboðinu. Starfsfólk rýmir skólann, nemendur mynda einfalda röð, kennarinn fer fyrstur og myndar einfalda röð. **Sá sem síðastur fer út úr hverri stofu skal loka dyrum á eftir sér til að draga úr reyklæði um bygginguna.**
4. **Söfnunarsvæði.** Þegar komið er á söfnunarsvæðið hefur hver hópur sitt svæði. Kennarar fara yfir nafnalista og aðgæta hvort allir hafi komist út. Ef einhvern vantar skal tilkynna skólastjóra eða staðgengli hans um það.
5. **Skólastjóri** eða staðgengill hans fer á milli hópa og fær upplýsingar um hvort einhverjir og þá hversu margir hafa ekki skilað sér með hópnum út og kannar hvar þeir sáust síðast.
6. **Slökkvilið kemur á staðinn.** Skólastjóri eða staðgengill hans gefur stjórnanda slökkviliðs upplýsingar um hvort einhverjir og þá hversu margir hafi orðið eftir inni og hugsanlega staðsetningu þeirra.
7. **Allir í öruggt skjól.** Farið með börn og starfsfólk í nærliggjandi hús, t. d. íþróttahús,
8. **Allir taka þátt.** Virkja skal sem flesta starfsmenn skólans í hlutverk, t. d. að halda opnum dyrum og loka á eftir.
9. **Láta foreldra vita.** Hafa samband við foreldra/forráðamenn barna til að tryggja að upplýsingar um atburð berist eftir réttum leiðum.
10. **Sálrænn stuðningur.** Skólastjóri metur hvort leita þarf eftir aðstoð utanaðkomandi til að veita börnum, starfsfólkiog/eða foreldrum sálrænan stuðning eða áfallahjálp. slökkvilið getur þá haft milligöngu um slíka aðstoð.

Til minnis

- Í öllum skólum skal vera viðurkennt brunaviðvörðunarkerfi, útljós og neyðarlýsing.
- Flóttaleiðir skulu vera í tvær gagnstæðar áttir og björgunarop á hverri stofu.
- Nafnalisti með nöfnum nemenda og starfsmanna, þar sem skráðar eru mætingar hvern dag, skal vera aðgengilegur.